

# SÍMEY, námskeið á Dalvík á haustönn 2009

## Grunnmenntaskólinn (200 klst) hefst mánudaginn 21. sept., kl. 13:00-17:00

Grunnmenntaskólinn er námsleið fyrir fólk á vinnumarkaði 20 ára og eldra með stutta formlega skólagöngu. Tilgangur skólans er að stuðla að jákvæðu viðhorfi til áframhaldandi náms og auðvelda fólki að takast á við ný verkefni.

## Norska - talnámskeið (20 klst.) hefst miðvikudaginn 30. sept., kl. 17:30-19:30

Lögð er áhersla á að þjálfna norsku sem talað mál og farið er í grunnatriði málfræði og stafsetningar. Einnig verða helstu mállýskur í norsku lauslega skoðaðar. Námskeiðið er byggt upp á líflegan hátt þar sem áhersla er lögð á að læra norsku í gegnum spjall, hlustun og raunverulegar aðstæður.

## Ítalska fyrir byrjendur (20 klst) hefst miðvikudaginn 30. sept., kl. 19:30-21:30

Líflegir og fjörugir tímar þar sem fólki gefst tækifæri á að auka þekkingu sína á ítölsku og ítalskri menningu. Kennst verður einu sinni í viku.

## Enska fyrir byrjendur (20 klst) nánari tímasetning auglýst síðar

Enskukennsla fyrir byrjendur og þá sem hafa einhvern en lítinn grunn, til að auka skilning og hæfileikann til að tjá sig á ensku. Áhersla er lögð á æfingar, samræður og hlustun. Líflegir og fjörugir tímar þar sem tækifæri gefst til að æfa sig og auka sjálfstraustið til að geta átt betri samskipti á ensku, hvort sem er í vinnu, einkalífi eða í námi.

## Tölvur og netið fyrir eldri borgara (12 klst) hefst mánudaginn 19. okt., kl. 17:00-19:00

Á námskeiðinu læra nemendur helstu grunnatriði við tölvunotkun og hvað skiptir máli við kaup á tölvu. Kynnt eru ritvinnsluforrit og hvernig tölvun tengist jaðartækjum s.s. prentara, myndavél o.fl. Nemendur kynnast notkun á tölvupósti og læra að leita á Internetinu og nýta sér það til gagns og gamans.

## Hlátursmiðja: Hláturjoga – leikgleði – sköpun (8 klst) hefst þriðjudaginn 6. okt., kl. 17:00-19:00

Í hláturjoga er grunnþemað að hlæja saman í hópi án ástæðu. Hláturæfingarnar eru leikrænar, einfaldar og virka best þegar við gefum leikgleðinni lausann tauminn. Hlátur er smitandi og eðlilegur, hlátur er fljótur að kvikna þegar hlegið er saman í hópi. Hláturjoga var fundið upp af indverska læknum Dr. Madan Kataria árið 1995 og hefur verið í stöðugri þróun síðan. Hláturjoga hefur verið stundað á Íslandi frá árinu 2001.

## Að segja sögur – sagnanámskeið (8 klst) haldið dagana 9. okt., kl. 20:00-22:00 og 10. okt., kl. 10:00-17:00

Fjallað verður um þær fjölmörgu leiðir þar sem nýta má sögur, t.d. í ferðapjónustu, safnastarfsemi, í starfi með börnum og unglíngum, með eldri borgurum og í allskyns menningarstarfsemi. Ætlunin er að auðvelda þátttakendum að velja þann vettvang sem höfðar til þeirra.

Námskeiðið er styrkt af Menningarráði Eypings.



## Önnur námskeið í haust:

Konur 40+ - Fleyggjum flísínu og finnum okkar eigin stíl - október

Trommuhringur - nóvember

Einnig verða námskeið í samvinnu við Náttúrusetrið á Húsabakka

Allar nánari upplýsingar og  
skráning hjá SÍMEY  
í síma 460-5720 og á [www.simey.is](http://www.simey.is)

